

Miðvikudaginn 13. marz 1935.

Nr. 182/1934. Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Guðmundi Ebenezerssyni

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 9. okt. 1934: Kærður, Guðmundur Ebenezersson, (Arthur Godmund) sæti 20600.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og skal hún greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en verði hún ekki greidd sæti kærður einföldu fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar.

Afli og öll veiðarfæri, sem eru í togaranum „Alsey“ GY 460 þar með taldir dragstrengir, sé upptækt og eign landhelgissjóðs.

Kærður greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á ástæður hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að sektin ákveðst 21300 krónur með tilliti til dagsgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 47.01, og að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að sektin verði 21300 krónur og greiðslufrestur hennar verði 4 vikur frá birtingu dóms

þessa. Kærði, Guðmundur Ebenezerðson (Arthur Godmund) greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn skipstjóranum á botnvörpungnum GY 460, Alsey frá Grimsby, Guðmundi Ebenezerðssyni, til heimilis í Weelsbyroad 55 í Grimsby, er á ensku nefnir sig Arthur Godmund, fyrir brot á ákvæðum laga nr. 5 frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Það er sannað með eigin játningu kærðs og skýrslu skipherrans á Ægi, að kærður hafi orðið sekur um brot gegn ákvæðum fyrrnefndra laga, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Um kl. 2 síðdegis 7. þ. m. kom kærður á togaranum Alsey GY 460 að Fáskrúðsskeri á Húnaflóa. Kveðst hann hafa siglt þaðan 3 sjómilur í m/v A. t. N. $\frac{1}{4}$ N. eða A. t. N. $\frac{1}{2}$ N. mælt þar 41—42 faðma dýpi og látið þar út ljósbauju, er hann telur að hafi verið í króknum utan við landhelgislinuna norður af Vatnsnesi. Síðan hafi hann togað í austur frá baujunni meðfram landhelgislinunni og til baka til baujunnar, þar til að hann hafi orðið að hætta veiðum kl. 10 um kvöldið. Kl. 1—2 árdegis 8. þ. m. kveðst hann hafa týnt baujunni.

Kl. 7 árdegis sama dag kveðst hann aftur hafa byrjað að toga, hafi hann þá ekki séð til lands, en lóðað og mælt 45—46 faðma dýpi, og haldið að hann væri utan landhelgi.

Kl. 8,15 árdegis sama dag var varðskipið Ægir á leið vestur yfir Húnaflóa innan landhelgi útaf Eyjarsey og sá þá til togarans í stefnu laust við Vatnsnes og stefndi togarinn þá inn flóann.

Varðskipið hélt þá í áttina til togarans, sem kl. 8,21 snéri við og hélt út. Kl. 8,24 gaf varðskipið togaranum stöðvunarmerki með flöggum. Kl. 8,28 skaut varðskipið viðvörunarskoti og öðru kl. 8,29. Kl. 8,30 nam togarinn staðar. Kveðst skipstjóri ekki hafa heyrt skotin, en númið staðar skömmu eftir að hann hafi tekið eftir flaggmerkjum varðskipsins.

Kl. 8,37 setti varðskipið út bauju rétt við afturstafn togarans, og miðaðist Fáskrúðssker þá r/v 250°, síðan kom skipstjóri togarans um borð í varðskipið og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun rétt utan við bauju varðskipsins:

Austurkantur Brandatanga

> 25° 52'

Nestáin austan við Hindisvík

> 24° 02'

Norðurendi Fáskrúðsskers

og gefur það stað baujunnar samkvæmt reikningi varðskipsins 1,7 sjómílu innan landhelgislinunnar.

Var síðan haldið að bauju togarans og gerð þar eftirfarandi staðarákvörðun kl. 9.48.

Austurkantur Brandatanga

> 35° 06'

Nestáin austan við Hindisvík

> 33° 47'

Norðurendi Fáskrúðsskers

og gefur það stað baujunnar samkvæmt reikningi varðskipsins 1,9 sjómílu innan landhelgislinu.

Kl. 10,01 var að nýju gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Austurkantur Brandatanga

> 49° 20'

Fáskrúðssker

og Fáskrúðssker miðað í r/v 252°, sem gefur stað baujunnar 1,3 sjómílu innan landhelgi samkv. reikningi varðskipsins.

Skipstjóri togarans var viðstaddur, er allar staðarákvarðanirnar, að undantekinni fyrstu miðuninni, voru gerðar, og hefir í réttinum viðurkennt þær réttar.

Hann fullyrðir, að hann hafi upphaflega sett bauju sína niður utan landhelgi, en að hún hafi um nóttina rekið inn í landhelgina svo sem framanskrað staðarákvörðun

segir til, og telur skipherra varðskipsins að það geti verið rétt, því að um nóttina hafi verið norðaustan stormur og straumur að landi meðan skipin voru við baujurnar, enda muni jafnan svo vera þar í norðaustan átt.

Að afstöðnum staðarákvörðunum fór varðskipið með togarann til Ísafjarðar. Var málið tekið þar til rannsóknar og játaði kærður brot sitt viðstöðulaust,

Kærður hefir verið skipstjóri á ýmsum enskum togurum að veiðum við Ísland síðastliðin ellefu ár. Hann hefir eigi áður gerzt brotlegur við fiskveiðalöggjöfina.

Samkvæmt framanskráðu hefir kærður gerzt brotlegur gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 1920 og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til hæfilega ákveðin kr. 20600.00 samkv. 3. gr. sömu laga samanbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924, með tilliti til þess að gullgengi ísl. krónu er í dag 48.64. Sektin renni í Landhelgissjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ef sektin verður ekki greidd, sæti kærður í stað hennar 7 mánaða einföldu fangelsi.

Allur afli og öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir í togaranum Alsey GY 460 skal upptækt og eign landhelgissjóðs.

Kærður greiði allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn dráttur orðið.

Mánudaginn 18. marz 1935.

Nr. 141/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Óskari Sæmundssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Hegningarl., bifreiðarl.- og áfengislagabrot.

Dómur aukaréttar Skaptafellssýslu 15. maí 1934: Ákærður, Óskar Sæmundsson, greiði 200 króna sekt til rikissjóðs